

## Tillögur stjórnar Festu um breytingar á gjaldskrá Festu

---

Lagt fyrir auka aðalfund Festu 19. september 2019.

Stjórn Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð leggur til að breytingar verði gerðar á gjaldskrá félagsins á auka aðalfundi 19. september 2019.

Stjórn Festu leggur til að:

1. Tveimur gjaldaflokkum verði bætt við gjaldskrá.
2. Að verðskrá hækki að öðru leyti um 20%.

### Um forsendur tillagnanna

Festa var stofnuð af sex fyrirtækjum árið 2011; Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Símanum og Össuri. Markmið var að auka þekkingu á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og efla getu til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti. Framtíðarsýn Festu er að styðja íslensk fyrirtæki og stofnanir við að efla samfélagslega ábyrgð sýna og styðja við sjálfbærni í rekstri þeirra.

Festa stendur fyrir fjölda viðburða á ári um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í samstarfi við aðildarfélög, hagaðila, stjórnvöld, háskóla og ýmis samtök. Einnig stendur félagið fyrir fjölbreyttum námskeiðum, fundum, hvatningarverðlaunum og ráðstefnum og hefur milligöngu um að samræma staðla og mælingar á samfélagslega ábyrgum rekstri. Markmiðið er að efla getu fyrirtækja og hverskyns skipulagsheilda til að vera framúrskarandi á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni.

Festa hefur vaxið ört á síðustu árum og í dag eru 107 aðildarfélög að félaginu. Verkefni Festu og starfsemin hefur vaxið og eflst í takt við fjölgun aðildarféлага og almennt vaxandi áhuga og áherslu á Íslandi og alþjóðlega á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. Félagsgjald Festu hefur hins vegar tekið takmörkuðum breytingum frá upphafi og ekki breyst í takt við þróun verðlags og launa á Íslandi. Frá júní 2011 til júní 2019 hefur launavísitala hins vegar hækkað um rúm 75% og verðlagsbreyting orðið um tæp 24%. Stærsti útgjaldaliður Festu er launakostnaður auk aðkeyptar þjónustu. Starfsemi Festu er að auki orðin víðtækari sem kallar á fleiri stöðugildi. Stöðugildi hjá samtökunum eru nú eitt og hálf.

Verði tillaga stjórnar að breyttu félagsgjald samþykkt er ráðgert að gjaldið taki í framtíðinni einkum mið af þróun verðlags og launavísitölu.

Í töflu á næstu síðu má sjá yfirlit yfir tillögur um breytingar á gjaldskrá Festu.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. gildandi samþykktu skulu tillögur að breytingum berast formanni ([hronningolfs@hotmail.com](mailto:hronningolfs@hotmail.com)) og framkvæmdarstjóra ([hrund@samfelagsabyrgd.is](mailto:hrund@samfelagsabyrgd.is)) félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund félagsins (þ.e. 22. ágúst 2019) og þeir sjá um að áframsenda þær í kjölfarið á féлага eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund (þ.e. 29. ágúst 2019). 2/3 atkvæða á aðalfundi þarf að samþykka til að þær nái fram að ganga.

Tillaga um breytingar á gjaldskrá Festu, lagt fram til samþykkis á auka aðalfundi Festu 19. september 2019

Stærð aðildarféлага	Atkvæðamagn	Félagsgjald nú	Félagsgjald eftir hækkun
1000+ starfsmenn	7	380.000	638.000
500 - 999 starfsmenn	6	380.000	547.000
200 - 499 starfsmenn	5	380.000	456.000
50 - 199 starfsmenn	4	200.000	240.000
10 - 49 starfsmenn	3	135.000	162.000
2- 9 starfsmenn	2	80.000	96.000
1 starfsmaður	1	40.000	48.000